

**Ed. 394. Frumvarp til laga [203. mál]**

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

**1. gr.**

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5% af f.o.b. verðmæti útflutnings.

**2. gr.**

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

- |  |       |
|--|-------|
| 1. Til Aflatryggingasjóðs  |       |
| a) Almenn deild .....  | 19.5% |
| b) Áhafnadeild .....   | 31.0— |
| 2. Til greiðslu á váttryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum,<br>sem sjávarútvegsráðuneytið setur ..... | 25.0— |

3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Lánastarfsemi .....	20.0—
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs .....	1.0—
4. Til sjávarransókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	2.5—
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna .....	0.5—
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	0.5—
	Samtals 100.0%

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok febrúarmánaðar 1979.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að auðvelda fiskvinnslunni að greiða tímabundið oliugjald til fiskiskipa, 2,5% af skiptaverðmæti, sem frumvarp er flutt um jafnhliða þessu. Nærri lætur að sú lækkun útflutningsgjalds, sem hér er ráðgerð, svari til 2 til 2,5% af skiptaverðmæti. Þannig er hér lagt til, að hluta af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur að undanförunu.

Hið tímabundna oliugjald nægir ekki eitt sér til þess að greiða kostnaðaraukann af hækkun olíuverðs til fiskiskipa úr kr. 57.50 í kr. 68.90 á hvern lítra af gasolíu og úr kr. 39 000 pr. tonn í 40 500 kr. pr. tonn af svartolíu, sem ákveðin hefur verið frá 21. febrúar 1979, en ætla verður að henni verði einnig mætt með öðrum hætti, bæði olíusparnaði og hækkun fiskverðs frá 1. mars n.k., en almennu fiskverði hefur verið sagt lausu frá þeim degi, þar sem launahækkun fer fyrirsjáanlega fram úr 5% þann dag. En til þess að hvetja til sparnaðar er mikilvægt að olían sé seld á fullu verði til notenda en ekki greidd niður svo miklu nemi.

Fært er talið að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5%, a. m. k. að svo stöddu, vegna þess að fjárhagur mikilvægustu sjóðanna, sem útflutningsgjalda njóta, er nú traustur. Þannig átti jöfnunardeild aflatryggingarsjóðs í sjóði um áramót um 2 600 m.kr., áhafnadeild aflatryggingarsjóðs átti á sama tíma um 450 m.kr. í sjóði og Tryggingasjóður fiskiskipa átti um 1 000 m.kr. á reikningi sínum í Seðlabanka um áramót, að stórum hluta er það fé þó bundið til árs í senn. Að óbreyttum reglum og miðað við núverandi gengi og verðlag gætu tekjur þessara sjóða af útflutningsgjöldum á árinu 1979, og greiðslur úr þeim að óbreyttum reglum, orðið sem hér segir:

	Afar lauslega áætlaðar tekjur af útflutningsgjöldum 1979 M.kr.	Afar lausleg áætlun um greiðslur skv. gildandi reglum 1979 M.kr.
Jöfnunardeild Aflatryggingarsjóðs .....	2 100	1 200
Áhafnadeild Aflatryggingarsjóðs .....	2 500	2 100
Tryggingasjóður fiskiskipa .....	2 600	1 900

Af þessum lauslegu áætlunum má ráða, að þessir þrír meginsjóðir þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins, án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Áhafnadeildin þolir þó síður lækkun en hinir sjóðirnir.

Um leið og hlutfall útflutningsgjalds er lækkað er því nauðsynlegt að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu.

Taflan hér á eftir sýnir áætlaðar tekjur af útflutningsgjaldi miðað við 160 milljarða kr. útflutningsverðmæti gjaldskyldra afurða, og skiptingu þeirra skv. gildandi reglum annars vegar og tillögum frumvarpsins hins vegar:

	Gildandi reglur		Tillaga frv.		Breyting	
	%	M. kr.	%	M. kr.		M. kr.
1. Til Aflatryggingasjóðs						
a) Almenn deild .....	22.0	2 112	19.5	1 560	÷	552
b) Áhafnadeild .....	26.0	2 496	31.0	2 480	÷	16
2. Til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	27.0	2 592	25.0	2 000	÷	592
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs						
a) Lánastarfsemi .....	21.0	2 016	20.0	1 600	÷	416
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs ..	0.9	86	1.0	80	÷	6
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslu- effirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur ..	2.3	221	2.5	200	÷	21
5. Til Landssambands ísl. útvegs- manna .....	0.4	38	0.5	40	+	2
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur ..	0.4	38	0.5	40	+	2
Samtals	100.0	9 599	100.0	8 000	÷	1 599